

# Kvennastjórnar tíðindi

1.tbl. 1. árg. nóv. 2008

## Neyðarstjórn kvenna, hvað er það?

Neyðarstjórn kvenna var stofnuð þann 28. október síðastliðinn að frumkvæði kvenna sem þótti nóg um ástandið og vildu efla rödd kvenna í umræðunni – enda hafði varla heyrst í konu í fjölmiðlum í mánuð. Hugmyndin fékk góðan hljómgrunn enda þörfin fyrir þverpólitíska samstöðu kvenna mikil. Hópurinn hefur vaxið hratt og eru nú um 2000 konur skráðar í Neyðarstjórn kvenna á Facebook. Hópurinn er mjög fjölbreyttur en allar eiga konurnar sameiginlegt að vilja búa í réttlátu samfélagi.

Neyðarstjórn kvenna vill tryggja að sjónarmið kvenna heyrast í umræðunni og að konur komi að uppbyggingu næstu ára. Það er hagur alls samfélagsins að ný stjórn landsins endurspegli samfélagið í heild og að innan hennar geti allir fundið sinn málsvara. Um helmingur Íslendinga eru konur og það er mikilvægt að standa vörð um hagsmunum þeirra. Dæmin víða um heim sýna að í krepnum hefur mest kapp verið lagt á það að tryggja karlmönnum atvinnu með ýmskonar framkvæmdum á vegum ríkisins. Neyðarstjórn kvenna leggur áherslu á að konur og karlar sitji við sama borð í slíkum aðgerðum á næstu misserum og vill samfélag sem byggir á þátttöku, gegnsæi og virðingu.

Á Alþingi starfa nú 40 þingkarlar og 23 þingkonur en konum hefur fjölgað um tvær eftir bankahrunið, þegar framsóknarmenn hafa sagt af sér. Þó nú sé hæsta hlutfall kvenna á þingi í Íslandsögunni gefur auga leið að þessi hlutföll endurspeglu ekki samfélagið. Þessu þarf að breyta. Neyðarstjórn kvenna leggur ennfremur á það áherslu að stjórnir Seðlabankans og FME séu faglegar en ekki pólitískar og vekur athygli á þeim konum sem hafa menntun á þessu sviði.

Íslenskar konur búa yfir gríðarlegri þekkingu, reynslu, áráðni og hæfileikum til að leiða landið í gegn um þær þrengingar sem eru framundan. Þær búa yfir innsæi sem gerir þeim kleift að takast á við hagræðingu með hagsmunum allra að leiðarljósi. Konur, nú er tíminn til að stíga fram og taka ábyrgð á farsælli framtíð okkar allra.

### Konan á götunni: *Halldóra Traustadóttir*

Mér finnst grafalvarlegt mál að þingið hafi ekkert að gera og fái ekkert að vita. Í stuttu máli: Allt vald, frumvörp og vinna hefur færst á hendur ráðherranna. Það er mikilvægt að snúa þessari þróun við áður en þetta verður verra. Þetta leiðir bara til meiri spillingar - hún virðist nú ærin fyrir. Það er ótækt að ríkisstjórn Íslands, sem fer með líf okkar, verði einhver leyni-frímúraraklúbður. Þingmenn allra flokka kvarta yfir þessu.



### Jafnréttisþingi frestað, fyrir hvern?

Félagsmálaráðherra frestaði jafnréttisþingi frá byrjun nóvember fram í janúar á þeim forsendum að það nái ekki markmiðum sínum í ríkjandi ástandi. Jafnréttislög kveða á um að á þinginu, sem halda skal ári eftir Alþingiskosningar, eigi að fjalla um árangur verkefna, stöðu og þróun jafnréttismála. Nú er rík ástæða að halda jafnréttisþing og standa vörð um jafnréttismál s.s. í bankastofnunum sem karlar hafa valdað alla tíð. Einnig að halda uppi umræðu um atvinnu og launamál kvenna sem oft lenda fyrst í uppsögnum sem nú eru nánast daglegt brauð.


# Leiðari

Kvennastjórnartíðindi koma nú í hendur lesenda í fyrsta sinn. Það er þeim sem að blaðinu standa mikið glesiefni. Þó að blaðið láti lítið yfir sér þá er um mikilvæga rödd inn í íslenska fjölmiðlaflóru að ræða. Hér munu lesendur geta nálgast efni sem er ekki í öðrum fjölmiðlunum og það verður markmið Kvennastjórnartíðinda að skrifa á faglegan hátt um mikilvæga þætti í endurmótun íslensks samfélags.

Það er löngu ljóst að með bankahruninu hrundi um leið gamalgróinn hugmyndaheimur fedraveldisins saman. Það voru karlar sem leiddu þjóðina í þá stöðu sem hún er í dag og Kvennastjórnartíðindi telja augljóst að karlar munu ekki einir og sér koma þjóðinni út úr þeirri stöðu.

Oft og mörgum sinnum var bent á mikilvægi þess að konur jafnt sem karlar sætu í stjórnnum fjármála fyrirtækja. Við þessu skelltu menn skollaeyrum og konur voru sakadar um svonefnda „áhættufælni“. Áhættuvarkárni, sem konur virðast hafa tileinkað sér í meira mæli en karlar, hefði hins vegar getað mýkt lendinguna til muna, ef ekki afstýrt hruninu. Þrátt fyrir það leyfa hinar ýmsar stofnanir samfélagsins sér að boða til funda um framtíð Íslands þar sem aðeins karlar taka til máls. Félagsmálaráðuneytið frestaði jafnréttisþingi þar sem það myndi ekki ná markmiðum sínum á þessum tímum. Nú er nóg komið.

Kvennastjórnartíðindi krefjast þess að konur og karlar komi að uppbyggingu hins nýja samfélags og það á öllum sviðum þess.



---

## Ritstjórnarupplýsingar:

Útgefandi: Neyðarstjórn kvenna  
Netfang: kvennastjornartidindi@gmail.com  
Ritstýra: Kristín I. Pálsdóttir  
Umbrot og útlitshönnun:  
Helga Óskarsdóttir og Marta Valgeirsdóttir

# Viðtal við Dr. Lilju Mósesdóttur

Kristín I. Pálsdóttir

**Kvennastjórnartíðindi leituðu til Dr. Lilju Mósesdóttur, hagfræðings, til að forvitnast um möguleika og horfur Íslendinga nú þegar ríkisstjórnin hefur gengið frá láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS).**

**Lilja er ein þeirra sem hefur varað alvarlega við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið. Hún bendir á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi fram til þessa sett markmið um frjáls viðskipti ofar félagslegum markmiðum. Sjóðurinn hefur iðulega neytt lönd til að gefa viðskipti frjáls þó engar forsendur séu til þess og þar með rekið enn fleiri heimili og fyrirtæki í þrot.**

„Við erum ekki ein að ganga í gegnum kreppu, hún er alþjóðleg, en skilyrði AGS eru í engu sambengi við aðgerðir annarra landa eins og Bandaríkjanna og Evrópuþjóða. Þar er verið lækka stýrivexti og áætla halla í ríkisrekstri. Samkvæmt skilyrðum sjóðsins eigum við hins vegar að hækka vexti og beita aðhaldi í ríkisrekstri. Þessar aðgerðir hlífa erlendum fjárfestum á kostnað heimilanna í landinu. Hætt er við að við þurfum að veita aðgang að náttúruauðlindum okkar og vinnuafli á útsöluverði. Sjóðurinn hefur einmitt verið gagnrýndur fyrir að ganga erinda valdamestu aðildarþjóða sinna með því að tryggja aðgang að auðlindum þjóða í fjármálakreppu en sú var raunin í Asíu fyrir 10 árum en löndin þar fengu lán á sömu skilyrðum og Íslendingar nú.“

## **Hvert telur þú að markmið hagstjórnar á krepputímum eigi að vera?**

„Meginmarkmið hagstjórnar á krepputímum á að vera að auka efnahagslega velferð, halda uppi fullri atvinnu milum hagvexti og stöðugleika. Það þarf að lækka vexti og styðja fyrirtæki með arðberan rekstur. Það þarf að stofna fjárfestingasjóð sem breytir skuldum fyrirtækja í hlutfé og svo þarf að



gefa fyrirtækjunum fjárhagslegt svigrúm til að allt fari ekki á hliðina.“

## **Hvaða kostir eru í stöðunni?**

„Sú leið sem AGS býður okkur er algjör kollsteypuleið. Ríkið þarf væntanlega að taka lán upp á fleiri þúsund milljarða og skuldirnar munu hækka hraðar en þjóðartekjurnar. Það kallar á enn frekari lán frá AGS. Það eru til leiðir til að komast hjá lántökunni t.d. má benda á þá leið sem Malasía fór 1997. Þar var ekki tekið lán hjá AGS enda varð kreppan þar ekki eins djúp og hjá nágrannaþjóðunum sem leituðu til sjóðsins fyrir utan að skuldsætning þeirra var minni. Ef farið yrði að þeirra dæmi yrðu sett höft á fjármagnshreyfingar út úr efnahagslífinu næstu misserin með t.d. 60% skatti á uphæðir sem eru um og yfir 10 milljónir. Þar sem efnahagslíf okkar hefur misst trúverðugleika eru miklar líkur á því að krónan fari í frjálst fall ef gjaldeyris-

viðskipti verða gefin frjáls. Tími er kominn til að við grípum fram fyrir hendurnar á markaðsöflunum annars blasir þjóðargjaldþrot við.“

**Það var sláandi hvernig kynjaskiptingin í þjóðfélaginu opinberaðist þegar kreppan skall á. Ungir menn á svörtum jeppum, og jakkafötum í stíl, steymdu þögli inn og út úr fundarherbergjum þar sem verið var að ræða hinar nýju aðstæður. Ekki er hægt að komast hjá þeirri ályktun að meirihluti gerenda, sem nú benda hver á annan, eigi það sameiginlegt að vera karlmenn. Þú hefur hins vegar sýnt fram á að konur verði í stærra hlutverki þegar farið verður að skoða þolendur kreppunnar.**

## Fara konur verr út úr fjármálakreppu en karlar?

„Það er staðreynd að staða kvenna er lakari en karla, hvort sem lítið er til atvinnulífs eða stjórnmála. Til dæmis voru konur 8% stjórnarmeðlima í 100 stærstu fyrirtækjum landsins árið 2007 og 14% ædstu stjórnenda og kynbundinn launamunur er um 16%. Það verður því að huga sérstaklega að konum í kreppunni með kynjaðri hagstjórn en hún

felur í sér aðferðafræði til að meta áhrif aðgerða á kynin. **Rannsóknir sýna að á tímum fjármálakreppu eykst fátækt mest á meðal kvenna, sérstaklega einstæðra mæðra. Fleiri konur missa vinnuna og þær eru lengur atvinnulausar. Þær neyðast líka í meira mæli til að vinna svarta vinnu sem hefur alvarleg áhrif á réttindi þeirra.“**

## Hvaða aðgerðir yrðu helst til að verja stöðu kvenna nú?

„Nú er tíminn til að lögleiða kynjakvóta til að tryggja að nýtt fólk komi að uppbyggingunni. Það gæti líka reynst atvinnuskapandi að láta starfsfólk yfirtaka rekstur fyrirtækja með lánum frekar en láta einn aðila kaupa fyrirtæki eða sameina það öðru. Það er nauðsynlegt halda dreifðu eignarhaldi fyrirtækja og banka til að tryggja langtíma stöðugleika. Sú hugmyndafræði að markmið banka og fyrirtækja sé aðeins að ná fram sem mestum gróða og kaupauka stjórnenda er hættuleg. Markmiðin eiga hins vegar að vera að stuðla að uppbyggingu samfélagsins og að veita góða og ódýra þjónustu. Almannahagur á að ráða, það er hagur kvenna.“



## Stjórnin mælir með...


... bók kanadíska fræðikonunnar Naomi Klein, *The Shock Doctrine. The Rise of Disaster Capitalism*. Klein er einn öflugasti andstæðingur alþjóðavæðingar í dag og gagnrýnandi markaðsfrelsis í heiminum. Í bókinni rekur hún m.a. sögu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hún segir nýta sér kreppuástand til að knýja fram stefnu sem byggist á hugmyndum frjálshyggjunnar s.s. einkavæðingu, niðurskurði ríkisútgjalda og skattalækkunum í löndum sem orðið hafa fyrir áföllum eins og fjármálakreppu, náttúruhamförum eða innrásum.

## Bakslag Álfrúnar

Lítið er að marka áætlað atvinnuleysi um áramót þar sem einungis þarf að tilkynna fjölðaupsagnir. Fjöldi manns hefur verið sagt upp í litlum fyrirtækjum sem nú róa lífróður og verktakar missa vinnuna. Vinnuafli er beint til útlanda og erlendar atvinnumiðlanir lokka hæfasta fólkið úr landi. Aðgerðaleyfi stjórnvalda gerir það að verkum að fyrirtæki fara unnvörpum á hausinn og atvinnuleysi eykst. Hvar eru verkalyðsfélögin? Þarf að knýja fram breytingar með fjölðaupsögnum í ríkisstjórninni?

## Sparnaðarráð Eyju

Í kreppunni heyrast prýðileg sparnaðarráð. Eitt veldur mér þó áhyggjum í því sambandi: Hvern sjáid þið fyrir ykkur troðandi í blóðmörskeppi, hnoðandi brauðdeig og þrjónandi húfur? Hver ætlar að taka á sig þessa vinnu við að spara? Vonandi er það bara skortur á hugmyndaflugi sem veldur mér áhyggjum af því að aukavinna hinna frábæru sparnaðarráða muni lenda af meiri þunga á öðrum helmingi þjóðarinnar en hinum.



# Konan á kassanum

Erum við Íslendingar algerir aumingjar? Nú þegar við höfum málað okkur út í horn vegna þess að stjórnmalastefna landsins síðustu ár byggðist á græðgi, spillingu og hroka, leitum við eins og fíkill í fráhvörfum að næsta „quick fix“. Einhverju sem sefar okkur tímabundið og ýtir raunverulegum vandamálum þjóðarinnar úr sjónmáli um sinn. Í dag er „skyndiskammturinn“ Evrópusambandið (og sennilega nokkur álver í kaupbæti).

Ég minni konur á það að vitræn umræða um galla ESB hefur engin verið. ESB er afar kapítalískt fyrirbæri sem heldur þróunarríkjum niðri með tollastefnu sem gerir það að verkum að frekar eru keyptar illræktanlegar evrópskar vörur fremur en það sem rækta má við betri og ódýrari skilyrði á suðurhveli jarðar. Ég minni konur enn fremur á það að þau íturöxnu vandamál sem Ísland stendur nú frammi fyrir eru einmitt afleiðing nýfrjálshyggju og

þeirra kapítalísku afla sem virðast ætla að sópa heimbyggðinni endanlega ofan í einhvers konar síðferðislausan og samkenndarsnaðan pytt.

Það að Evrópusambandið hafi kúgað okkur Íslendinga til að hverfa frá þeim grunnréttindum okkar að fá að leita lausnar á Icesave málinu fyrir dómstólum, sýnir eðli ESB í hnotskurn. Við erum hins vegar eins og barn sem hefur verið lagt í hræðilegt einelti og á þá ósk eina að komast í þá klíku sem lagði það í téð einelti. Erum við ekki aðeins betri en þetta? Erum við ekki fólkið sem hefur lifað á nánast óbyggilegri eyju í þúsund ár og staðið saman stolt gegn stórveldum, náttúruhamförum, kreppum og drepsóttum?

Ég bið hverja konu að svara þessu fyrir sig, áður en hún í hugsunarleysi ljáir Evrópusambandskórnum sína röddu.

Katrín Oddsdóttir